



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 URN
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	9. janúar 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, eru öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr friðuð á grundvelli aldurs. Þá er að finna ákvæði í 30. gr. laganna um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en voru byggð 1940 eða fyrr, svokallaða umsagnarskyldu, en í þeim tilvikum er kveðið á um skyldu eigenda til að leita álits Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Forsaga málsins er sú að ákvæði 30. gr. laganna var breytt með 2. gr. laga nr. 126/2022 þar sem viðmiðunarártalið 1940 kom inn í stað ársins 1925. Í frumvarpi því er varð að lögnum var hins vegar lagt til að viðmiðunarártalið yrði 1930. Viðmiðunarártalinu var breytt í 1940 í meðförum þingsins og þannig samþykkt á Alþingi. Í umsögn Minjastofnunar um frumvarpið komu fram fagleg rök fyrir ártalinu 1930, en það ár hafi markað afgerandi skil í sögu byggingarlistar á Íslandi þegar svokölluð steinsteypuklassík hafi vikið fyrir virknihyggju (fúnksjónalisma). Jafnframt kom fram í greinargerð með frumvarpinu að með því væri stefnt að því að tryggja verndun þeirra húsa og mannvirkja sem raunverulega væri þörf á að njóti verndar og að koma í veg fyrir að hús og önnur mannvirki sem ekki væri þörf á að vernda öðlist slíka vernd eingöngu sökum aldurs. Lögin tóku gildi 1. janúar 2023.

Samkvæmt tölum Fasteignaskrár Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru friðlýst hús og mannvirki á landinu í 563 talsins, aldursfriðuð hús sem bera fastanúmer 4328 talsins og því til viðbótar eru umsagnarskyld hús samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar 8380, þar af eru 3439 byggð á árabílinu 1924 til 1930 og 4941 á árunum 1931-1940. Önnur mannvirki en hús með fastanúmer eru ekki inni í þessum tölum en lögin ná einnig til þeirra.

Sú breyting að færa viðmiðunarártal 30. gr. laga um menningarminjar úr 1925 í 1940 hefur haft þau áhrif að álag á stjórnslu minjamála hefur aukist töluvert. Umsagnarskyldan hefur þá reynst íþyngjandi fyrir húseigendur. Grundvallaratriði er að ekki eru talin nægjanlega sterk fagleg rök við tengsl byggingararfs sem réttlæti gildandi viðmiðunarártal í lögum. Því má jafnframt halda fram að íþyngjandi fyrirkomulag dragi úr getu Minjastofnunar til að fjalla á vandaðan hátt um öll mál sem til lengri tíma getur haft neikvæð áhrif á varðveislu húsa, annarra mannvirkja og fornminja með hátt varðveislugildi sem sannarlega þarf að vernda. Fágæti eykur varðveislugildi minja en hið gagnstæða dregur úr því. Ljóst er að hvorki er hægt né æskilegt að vernda allar menningarminjar og hús. Með áformum þessum er því lagt til að lagt verði fram frumvarp til breytinga á lögum um menningarminjar með þeim hætti að viðmiðunarártal umsagnarskyldu verði 1930 í stað 1940.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Tryggja skilvirka og markvissa varðveislu húsa og mannvirkja á faglegum grundvelli þannig að verndin nái utan um það sem sannarlega þarf að vernda.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Umsagnarskylda og viðmiðunaráttal er lögbundið og því er þörf á lagabreytingu.

B. Markmið

- 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.**
Að vernda menningararf þjóðarinnar með markvissum og skilvirkum hætti.
- 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.**
Að tryggja verndun þeirra minja sem raunverulega er þörf á að njóti verndar. Að koma í veg fyrir að minjar sem ekki er þörf á né æskilegt að njóti verndar öðlist vernd eingöngu sökum aldurs. Að tryggja vandaða og skilvirka stjórnsýslu minjamála þannig að minjavernd nái markmiðum sínum.

C. Leiðir

- 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**
Áframhaldandi íþyngjandi álag á stjórnsýslu minjamála og borgarana án þess að nægilega sterk fagleg rök búi að baki.
- 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.**
Umsagnarskylda og viðmiðunaráttal er lögbundið og því er þörf á lagabreytingu.
- 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Einungis talin þörf á að breyta því ákvæði er lítur að viðmiðunaráttali umsagnarskyldu Minjastofnunar samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

- 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**
Lagt er til að breyta viðmiðunaráttali umsagnarskyldu Minjastofnunar samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar sem er 1940 samkvæmt gildandi lögum í ártalið 1930 þar sem fagleg og málefnaleg rök eru talin standa að baki síðarnefnda ártalinu. Sú breyting talin tryggja vandaða og skilvirka stjórnsýslu minjamála með fyrirsjáanlega minna álagi á stjórnsýslu minjamála.
- 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.**
Lögð verður til breyting á 1. mgr. 30. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

- 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**
Nei.
- 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**
Nei.
- 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**
Nei.

F. Samráð

- 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**
Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, sveitarfélög, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun
- 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**
Innviðaráðuneyti og menningar- og viðskipta-ráðuneytið.
- 3. Samráð sem þegar hefur farið fram.**
- 4. Fyrirhugað samráð.**

Gert er ráð fyrir að áform um lagasetningu, mat á áhrifum og frumvarpsdrög verði auglýst í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig að sérstakt samráð verði viðhaft við þau ráðuneyti sem málið snertir.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?
Nei
2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?
Ekki er talin þörf á undirbúningstíma vegna fyrirhugaðar löggjafar.
3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?
Á ekki við.
4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.
Á ekki við.
5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?
Ráðuneytið mun meta afleiðingar breytinganna á stjórnsýslu minjamála í samráði við Minjastofnun Íslands líkt og verið hefur.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.